

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2011**

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 54,4 ma.kr. en var neikvætt um 65,2 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur drógust saman um 10,2 ma.kr. en á sama tíma drógust gjöldin saman um 4,2 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 59,4 ma.kr.

**Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2011 (m.kr.)**

	<u>2007</u>	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>
Innheimtar tekjur	286.074	294.326	276.404	302.253	292.018
Greidd gjöld	239.188	281.885	346.684	354.290	350.114
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>46.886</b>	<b>12.441</b>	<b>-70.280</b>	<b>-52.036</b>	<b>-58.096</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.541	4.191	-8.420	-13.184	3.683
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>45.346</b>	<b>16.633</b>	<b>-78.700</b>	<b>-65.220</b>	<b>-54.413</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>-67.758</b>	<b>8.538</b>	<b>11.983</b>	<b>-31.941</b>	<b>54.606</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-22.412</b>	<b>25.171</b>	<b>-66.717</b>	<b>-97.161</b>	<b>193</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-36.443</b>	<b>-38.129</b>	<b>-72.740</b>	<b>-136.258</b>	<b>-126.967</b>
Innanlands	-22.243	-22.662	-72.740	-72.782	-56.116
Erlendis	-14.199	-15.467	0	-63.476	-70.851
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-2.640</b>	<b>-2.640</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-61.496</b>	<b>-15.598</b>	<b>-139.457</b>	<b>-233.419</b>	<b>-126.774</b>
<b>Lántökur</b>	<b>57.515</b>	<b>147.531</b>	<b>169.889</b>	<b>267.934</b>	<b>208.844</b>
Innanlands	54.181	85.647	162.540	137.085	83.965
Erlendis	3.334	61.884	7.348	130.849	124.879
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-3.981</b>	<b>131.933</b>	<b>30.432</b>	<b>34.515</b>	<b>82.070</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu tæpum 292 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins og drógust saman um 3,8% miðað við sama tímabil í fyrra. Mest munar um samdrátt í tekjum af sölu eigna en slíkar ráðstafanir skiluðu um 500 m.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins samanborið við 19,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra vegna svonefnds Avenssamkomulags. Ef litið er framhjá tekjum af sölu eigna jókst innheimtan um 2,7% á milli ára. Tekjur ársins eru rúmum 4,7 ma.kr. eða 1,6% yfir áætlun fjárlaga sem má einkum rekja til hærri fjármagnstekjuskatts og tekjuskatts lögaðila en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 3,6% á fyrstu átta mánuðum ársins miðað við sama tímabil í fyrra og námu alls rúmum 272 ma.kr. sem er 3,2% yfir áætlun fjárlaga. Þar af jukust tekjur af tekjuskatti lögaðila um 22,5% og námu rúmum 9,9 ma.kr. og tekjur af fjármagnstekjuskatti um 7,0% og námu um 26,3 ma.kr. Hér er m.a. um að ræða skatta af

fjármagnstekjum annars ársfjórðungs, sem voru á gjalddaga í júlí, en innheimta í þeim mánuði var fremur lítil og færðist því að einhverju leyti yfir á ágúst. Tekjuskattur einstaklinga jókst um 0,9% á fyrstu átta mánuðum ársins og nam 58,5 ma.kr. sem er um 2 ma.kr. yfir tekjuáætlun fjárlaga. Ríflegur hluti endurgreiðslna í tengslum við álagningu á tekjur síðasta árs, sem áætlað hafði verið að yrðu að mestu bókfærðar í júlí, féll í til í ágúst. Endurgreiðslur skekkja jafnan niðurstöðu þessa tekjuliðar í þessum tveimur mánuðum.

Samanlögð skil launagreiðenda á bæði tekjuskatti og útsvari jukust um 10,7% á fyrstu átta mánuðum ársins. Á sama tíma hækkaði skatthlutfallið í staðgreiðslu um 0,09 prósentustig og því ljóst að aukningin stafar að mestu af hækkun tekjuskattsstofnsins að krónutölu. Þá námu tekjur af tryggingagjöldum 43 ma.kr. á tímabilinu sem er um 8% aukning frá fyrra ári en nýlegir kjarasamningar hafa þar mikil áhrif. Eignarskattar námu rúmum 4 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúm 20% á milli ára sem má að mestu rekja til bókfærðra tekna af auðlegðarskatti upp á tæpan 1,1 ma.kr. í ágúst.


### **Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2009-2011**

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>243.965</b>	<b>262.784</b>	<b>272.144</b>	<b>-8,8</b>	<b>7,7</b>	<b>3,6</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>101.884</b>	<b>90.610</b>	<b>94.677</b>	<b>-1,0</b>	<b>-11,1</b>	<b>4,5</b>
Tekjuskattur einstaklinga	53.307	57.944	58.466	-6,7	8,7	0,9
Tekjuskattur lögaðila	10.584	8.107	9.934	-40,0	-23,4	22,5
Skattur á fjármagnstekjur	37.992	24.559	26.277	35,0	-35,4	7,0
<b>Eignarskattar</b>	<b>3.147</b>	<b>3.342</b>	<b>4.024</b>	<b>-43,0</b>	<b>6,2</b>	<b>20,4</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>106.376</b>	<b>120.689</b>	<b>121.399</b>	<b>-14,8</b>	<b>13,5</b>	<b>0,6</b>
Virðisaukaskattur	72.579	80.241	79.112	-16,7	10,6	-1,4
Vörugjöld af ökutækjum	1.355	1.056	1.757	-78,7	-22,0	66,3
Vörugjöld af bensíni	6.943	7.733	7.731	17,3	11,4	-0,0
Skattar á olíu	4.561	4.564	4.578	-7,5	0,1	0,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.133	9.902	10.223	14,1	8,4	3,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	11.805	17.193	17.998	-6,0	45,6	4,7
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>3.087</b>	<b>3.806</b>	<b>4.271</b>	<b>-22,4</b>	<b>23,3</b>	<b>12,2</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>3.980</b>	<b>4.609</b>	<b>4.793</b>	<b>38,3</b>	<b>15,8</b>	<b>4,0</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>25.491</b>	<b>39.728</b>	<b>42.979</b>	<b>-7,2</b>	<b>55,9</b>	<b>8,2</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>359</b>	<b>430</b>	<b>510</b>	<b>73,5</b>	<b>19,6</b>	<b>18,6</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>31.988</b>	<b>20.645</b>	<b>18.757</b>	<b>32,2</b>	<b>-35,5</b>	<b>-9,1</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>440</b>	<b>19.487</b>	<b>494</b>	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	<b>276.752</b>	<b>303.346</b>	<b>291.905</b>	<b>-6,0</b>	<b>9,6</b>	<b>-3,8</b>

Skattar á vöru og þjónustu námu alls 121,4 ma.kr. á tímabilinu janúar-ágúst sem er 0,6% aukning miðað við sama tímabil á síðasta ári. Athygli vekur að heildartekjur af þessum sköttum eru lítillega undir áætlun fjárlaga, eða 1,3%, þrátt fyrir umtalsverð frávík á einstökum liðum. Þannig eru allir liðir veltuskatta nokkuð undir áætlun nema tekjur af

vörugjöldum af ökutækjum sem eru verulega yfir áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals er uppsöfnuð hækkun tímabilsins 0,2% umfram verðlagsbreytingar (sjá mynd).

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,  
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkanir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Virðisaukaskattur vegur þyngst meðal veltuskatta og námu tekjur af honum rúmum 79 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er samdráttur um 1,4% að nafnvirði miðað við sama tímabil síðasta árs. Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinna skatta eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu, áfengisgjald, tóbaksgjald og bifreiðagjöld. Af þessum liðum hafa vörugjöld af ökutækjum aukist mest á milli ára eða um 66,3% enda hefur nýskráningum bifreiða fjölgað verulega. Athygli vekur að stór hluti þessara bifreiða er skráður í notkunarflokkinn bílaleiga. Samtals námu vörugjöld af bensíni og olíu 11,7 ma.kr. á tímabilinu og er sú fjárhæð nær óbreytt á milli ára. Á sama tíma benda tölur yfir sölu eldsneytis til þess að skattstofn bensíngjalds hafi lækkað um 4,7% á milli ára og skattstofn olíugjalds um 3,7%. Sala á steinolíu hefur margfaldast undanfarin ár vegna hækkandi eldsneytisverðs en hún er í auknum mæli notuð á ökutæki. Gróflega má áætla að tekjutap ríkissjóðs vegna aukinnar notkunar steinolíu nemi um 60 m.kr. á ári. Af þessum sökum verður lagt til í frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum að olíugjald verði lagt á steinolíu með sama hætti og á gas- og dísilolíu.

Tekjur af tóbaksgjaldi námu 3,4 ma.kr. á tímabilinu sem er aukning um 7% á milli ára. Með hliðsjón af tölum yfir sölu tóbaks má áætla að skattstofn tóbaksgjalds hafi dregist saman um 5-6% á milli ára. Áfengisgjald skilaði tekjum upp á rúma 6,8 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er lítilsháttar aukning á milli ára. Tölur yfir áfengissölu benda til þess að skattstofn áfengisgjalds hafi lækkað um 3% á milli ára. Við gerð fjárlaga 2011 var gert ráð

fyrir að sala á afengi myndi aukast lítillega á milli ára í öllum helstu flokkum en að tóbakssala myndi dragast saman um hátt í 4%.

**Greidd gjöld** námu 350,1 ma.kr. og drógust saman um 10,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,4%. Greidd gjöld voru einnig innan fjárheimilda tímabilsins um 2,3 ma.kr. eða 0,7%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 4,8 ma.kr. milli ára og voru jafnframt 499 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 1,2 ma.kr. milli ára en voru 590 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála voru 7,7 ma.kr. hærrí en á sama tímabili 2010. Jafnframt voru þau 8,4 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld vegna Lífeyristrygginga jukust um 8,2 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 6,3 ma.kr. umfram heimildir. Greiddar vaxtabætur voru 6,9 ma.kr. hærrí en á fyrra ári sem skýrist að mestu með sérstakri vaxtaniðurgreiðslu að upphæð rúmlega 6 ma.kr. Á móti drógust útgjöld saman um 7,1 ma.kr. milli ára vegna flutnings á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þá voru greiddar barnabætur 1,5 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra, útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs 573 m.kr. lægri og útgjöld Fæðingaorlofssjóðs 754 m.kr. lægri.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 471 m.kr. milli ára og voru 1,5 ma.kr. umfram heimildir. Útgjöld Landspítala drógust saman um 253 m.kr. milli ára en voru 1,8 ma.kr. umfram heimildir ársins sem skýrist með uppsöfnuðum rekstrarhalla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Þá stóðu útgjöld vegna Sjúkratrygginga í stað milli ára en þrátt fyrir það eru þau 1,3 ma.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust saman milli ára um 4,3 ma.kr. og voru jafnframt 5 ma.kr. innan heimilda tímabilsins. Þar vegur þyngst að ýmsar framkvæmdir hafa farið hægar af stað en gert var ráð fyrir. Til dæmis dragast útgjöld Vegagerðarinnar saman um 3,6 ma.kr. milli ára og eru jafnframt 1,3 ma.kr. innan heimilda. Þá dragast útgjöld vegna hafnarframkvæmda saman um 631 m.kr. á milli ára. Útgjöld til menntamála voru 1,9 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru jafnframt 1,1 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna drógust saman um 1,4 ma.kr. á milli ára en voru í takt við heimildir. Útgjöld Háskóla Íslands jukust lítillega á milli ára en voru 691 m.kr. innan heimilda á fyrstu 8 mánuðum ársins. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 128 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og voru 585 m.kr. innan fjárheimilda tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 446 m.kr. milli ára á milli ára en voru 445 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Fjárfestingar Landhelgissjóðs dragast verulega saman milli ára en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Útgjöld Ofanflóðasjóðs eru 444 m.kr. innan heimilda en aukast um 257 m.kr. milli ára. Útgjöld sérstaks saksóknara aukast um 318 m.kr. þrátt fyrir að vera 311 m.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til umhverfisverndar jukust lítillega milli ára eða um 105 m.kr. en voru 86 m.kr. innan áætlana. Útgjöld til Varnarmála jukust um 76 m.kr. milli ára og voru jafnframt 144 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust saman um 159 m.kr. milli ára og voru 172 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Óregluleg útgjöld drógust saman um 2,9 ma.kr. milli ára en voru 808 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi samdráttur skýrist að mestu með útgjöldum vegna

Ríkisábyrgða sem voru gjaldfærðar þarna í fyrra en flokkast nú með vaxtagjöldum. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 424 m.kr. umfram fjárheimildir og greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs 385 m.kr. hærri en heimildir gerðu ráð fyrir.

### Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Vaxtagreiðslur	34.495	52.250	47.477	51,5	-9,1
Almenn opinber þjónusta	30.545	29.142	30.305	-4,6	4
Varnarmál	91.188	89.438	97.092	-1,9	8,6
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	75.711	73.726	74.197	-2,6	0,6
Efnahags- og atvinnumál	42.735	38.342	34.049	-10,3	-11,2
Umhverfisvernd	31.892	34.156	32.280	7,1	-5,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	12.628	10.841	10.712	-14,2	-1,2
Heilbrigðismál	15.128	11.779	12.225	-22,1	3,8
Menningar- íþrótt- og trúmál	2.860	3.021	3.126	5,6	3,5
Menntamál	1.071	923	999	-13,8	8,2
Almannatryggingar og velferðarmál	422	430	271	1,9	-37
Óregluleg útgjöld	8.009	10.242	7.381	27,9	-27,9
<b>Gjöld alls</b>	<b>346.684</b>	<b>354.290</b>	<b>350.114</b>	<b>2,2</b>	<b>-1,2</b>

**Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs.** Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 0,2 ma.kr. sem er 97,4 ma.kr. betri staða en á sama tíma í fyrra. Aðallega er um að ræða 58,5 ma.kr. lækkun á veittu gjaldeyrisforðaláni til Seðlabankans eftir að ríkissjóður keypti í maí upp samsvarandi skuldir vegna láns á gjalddaga síðar á þessu ári.

Afborganir af lánum ríkissjóðs fyrstu sjö mánuði ársins námu 127 ma.kr. Afborganir innlendra skulda námu 56,1 ma.kr. og er þar aðallega um að ræða flokk ríkisbréfa á gjalddaga í júlí að fjárhæð 53,4 ma.kr. Afborganir erlendra skulda námu tæplega 70,9 ma.kr. þar sem uppkaup ríkissjóðs í maí sl. námu 65,6 ma.kr.

Lántökur námu 208,8 ma.kr. þar af voru lántökur innanlands fyrir um 84 ma.kr. Gefin voru út ríkisverðbréf fyrir 97,8 milljarða en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 13,8 milljarða. Í júní gaf ríkissjóður út á erlendum mörkuðum skuldabréf að fjárhæð 1 milljarður dollara, að jafnvirði 116,9 ma.kr. Þá var endurmat gjaldeyrisreikninga í lok júní 8 ma.kr.